

## Jafnlaunastefna Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurbyggð leggur metnað sinn í að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða sambærileg störf, þannig að launamunur sé ekki til staðar. Umfang jafnlaunastefnunnar tekur til allra starfsmanna Dalvíkurbyggðar.

Markmið Dalvíkurbyggðar er að vera eftirsóttur vinnustaður þar sem allir óháð kyni hafa jöfn tækifæri í starfi.

Samkomulag hefur verið gert við vottunaraðila um að gera árlega úttekt á jafnlaunastefnu og kerfi Dalvíkurbyggðar. Geri vottunaraðili á einhverjum tímapunkti athugasemdir varðandi launasamsetningu einhverra starfa mun samsetning vera endurskoðuð í kjölfar ábendinga.

Dalvíkurbyggð hefur skjalfest, innleitt, og heitir að viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur ÍST85:2012 staðalsins.

Dalvíkurbyggð hefur í þessu samhengi innleitt verklag og skilgreint viðmið við ákvörðun launa þar sem hver og einn fær greitt fyrir starf sitt út frá verðmæti þess óháð kyni eða öðrum ómálefnalegum ástæðum. Dalvíkurbyggð skuldbindur sig til að framfylgja jafnlaunastefnunni í hvívetna.

Á grunni lagaramma skuldbindur Dalvíkurbyggð sig til :

- Viðhalda vottuðu jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85 og það verði skjalfest.
- Framkvæma launagreiningu a.m.k. einu sinni á ári þar sem borin eru saman sambærileg störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni og kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki.
- Bregðast t.d. við, við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Gera innri úttekt og halda rýni stjórnenda amk. árlega.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem í gildi eru á hverjum tíma og gilda um jafnlaunakerfi Dalvíkurbyggðar.
- Kynna stefnuna árlega fyrir starfsmönnum Dalvíkurbyggðar. Stefnan skal einnig vera almenningi aðgengileg á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

*Staðfest á rýnifundi stjórnenda (framkvæmdastjórn) 23.3.2022.*

*Staðfest í byggðaráði 31.03.2022.*

*Kynnt fyrir starfsfólki í tölvupósti þann 31.03.2022.*

*Samþykkt á 344. fundi sveitarstjórnar þann 26. apríl 2022.*